

III.

Og að endingu nokkur orð um kennarana. Eru þeir svo virtir og vel haldnir, að þeir geti verið vel ánægðir og þolinmóðir og áhugasamir um börnin? Hafa þeir lært að athuga börnin? Brýna þeir fyrir þeim að grúfa sig ekki svo ofanað bókinni, að þau skemmi í sér augun? (Kennarar ýmsra, sem eru við lestur á landsbókasafninu, hafa auðsjáanlega ekki gert slíkt). Hugsa þeir um hvort börnin muni ekki vera við námið með vota og kalda fætur? Brýna þeir fyrir þeim að hafa ekki opinn

muninn? Það gerir menn svo auðlega, og svo er það miklu hollara að anda eins og rétt er. Kenna þeir þeim þá góða reglu, að gera sig móðan á hverjum degi í góðu lofti, og setja sér það takmark að verða ekki inn um brjóstid. Kenna þeir þeim að fara stundum úr fötunum úti, þegar sólskin og ástæður leyfa og viðra bæði sig og fötin? — Eg vona að þeir verði fáir sem halda, að þessi atriði, sem eg hef nefnt, komi ekki til muna við framförum Íslendinga. Seinna kann að verða minst á fleira.

27. 3.

Smásaga.

Sönn, mikið til.

Eg var úti í skógi og var að skemta mér við kylfusveifur og fleira. Frost var nokkuð, en hjart veður og stílt, og hafði eg farið úr fötunum til að viðra mig og hressa. Þegar eg hafði verið þarna nokkra stund við þessa saklausu og heilnæmu skemtun, kemur þar maður gangandi, svo sem ekkert flónalegur að sjá, á einhverskonar grænleitum ein-kennisbúningi; maðurinn kastar á mig orðum, og spyr mig heldur af þjósti, hvort mér þyki þetta sæmilegt athæfi. Eg var heldur á því að svo væri; að vísu hefði það verið ósæmilegt af mér hefði eg boðist til að skemta mönnum

með ekki fullkomnari fimleikatilraunum, en ekkert væri heldur fjær tilgangi mínum; eg væri að þessu mér til skemtunar og heilsubótar, en staðurinn afvikinn og skógarstígurinn sem var þar ekki alllangt burtu, lítið farinn. Eg komst þá að því, að grænfrakkamaðurinn hugði, að kvenfólki sem um stíginn kynni að fara, gæti staðið einhver voði áf mér. Eg tók því fjarri, gat með sanni sagt, að eg væri með engin illindi við kvenfólk, nema gilduatu ástæður væru til, hvort sem eg væri nakinn eða í fötunum. Ekki var það þá það, sem maðurinn var hræddur við, voðinn sem

af mér gæti hlotist, virtist vera einhver annar. En mér var það alveg ráðgáta hvernig nokkur voði gæti hlotist af því að sjá nakinn mann á lengdar. Hefði það verið nakinn kvenmaður, þá gat verið öðru máli að gegna og nokkurakonur voði af hlotist, fyrir karlmenn; og ef konan væri eins frið og björteins og Gerður Gymisdóttir, eða jafnvel þó að hún væri nú ekki alveg eins. Því að Gerður var svo fögur, að það lýsti af henni í heima alla; hefir aldrei svo eg viti til, verið jafn ríkt að orði kveðið um kvenfegurð einsog Snorri Sturluson gerir í sögunni um Gerði. En sá sem þessa björtu konu leit, var Freyr, þegar hann sat í Hliðskjálf og sá um heima alla. Varð honum svo mikið um þá sjón, að ekki mælti hann við menn, og ekki neytti hann svefnis og ekki matar. Og jafnvel eftir að Skirnir hafði beðið konunnar fyrir hann og fengið heit hennar, kvað Freyr þetta:

Löng er nótt

löng er önnur

hve má ek þreyja þrjár?

Og þó var Freyr einn af guðunum. Sést á þessu, að þær konur gætu verið, að öll ástæða væri til að biðja, að taka ekki sólarbað þar sem mætti sjá þær, ef þeim væri slíkt í hug.

Þetta sagði eg nú raunar ekki við græningjaun, og er það eins satt fyrir því. En hvað vissi hann um Gerði, og hvað um Frey, og hvað mundi hann kunna að meta þesskonar gamansemi, sem eg

er að minsta kosti að vona að lesendur mínir láti sér skiljast.

Skildum við grænfrakkamaður svo, að hvorugur hafði saunfært annan, en stóryrðalaust, og sáttir að kalla.

Færði eg þetta síðar í tal við einn af handfaralæknunum þar á staðnum. Virtist mér hann helzt vera á sama máli og grænfrakkamaður, að það væri óhæfa að láta sjá sig nakinn, jafnvel þó að á lengdar væri. Eg minti þenna knáa unglíng á Japan, þar sem kvað vera minst hræsni um samfarir karls og konu, og bezt heilbrigði á þessari jörð; þar geta menn gengið naktir á almannafæri án þess að hneyxla nokkurn mann. En handfaralæknirinn virtist líta svo á þetta heilsusamlega hátterni Japana, sem það bæri vott um menningarskort; virtist hann vera nokkurnveginn á sama máli um þetta eins og séra Skovgaard Petersen, einn hinna fávísari ferðamanna sem eg hefi lesið nokkuð eftir; helst nokkurnveginn í hendur hjá þeim höfundi eftirtekt, skilningur á því sem hann hefir séð, og meðferð efnisins. En eg bað fyrir mér bæði hátt og í leynum, að nokkur sem við lækningar fengiast, skyldi líta á þetta eins og hinn nafnkendi oftrúarprestur, og sagði að svona heimskur mætti enginn vera. Sólarböð eru svo holl og nauðsynleg, að það má ekki láta blábera heimsku auka mönnum erfíðleika á að lofa blessaðri sólinni að skína á sig. Eg hef stundum verið vel á veg kominn að sigrast á lang-

vinnu svefnleysi með sólarböðum, og hefði líklega tekist það alveg ef náð-artíminn væri ekki hér svo stuttur og sólskinsdagarnir of fáir og of strjálir.

Eg tók um tíma sólarböð á þessum stað sem áður segir af, og þó ekki nema stutta stund og altaf um sama leyti dags.

Vóru gerðar dálitlar tilraunir til að fá mig til að hætta þessu, en eg ásetti mér að vikja ekki nema fyrir valdboði og til þess kom auðvitað ekki. Reglan fyrir breytni minni var einföld; með því að taka þarna sólarbað gerði

eg gott, ekki einungis sjálfum mér heldur einnig öðrum, er eg breytti gegn heimsku þeirra. Með því að hætta við þetta hefði eg gert ilt, sjálfum mér mest, en líka dálítið öðrum, með því að styrkja þá í hræsnisheimvæku sinni.

Og það má helzt engum gera. Ekki einusinni sjálfum sér.

E. S. Þeir sem ætla að taka sólarböð, verða að gæta þess að fara varlega fyrst, meðan þeir eru að venjast sterku sólskíni; það má sólbrenna bagalega, ef óvarlega er farið af stað.

31. 3.

Bekking og vanbekking.

I.

„Bekking bætir menn ekki“ stendur yfir einni grein í dagblaðinu „Vísir“ nýlega, þar sem sagt er frá ritgerð eftir einhvern Lundell.

Það er alveg óhætt að taka ennþá dýpra í árinna en „Vísir“ gerir og segja: bekkingin spillir mönnunum. En það verður að bæta því við, að þá sé litið á málið frá sjónarmiði þeirra, sem t. a. m. hafa laka vöru á boðstólum eins og mjög hefir tíðkast á landi hér, eða yfir höfuð frá sjónarmiði allra þeirra, sem að einhverju leyti byggja vald sitt og velmegun á vanbekkingu annara, eins

og mjög hefir átt sér stað í mannlegu félagi, og enn á sér stað.

Það er bezt að vera fáfróður, sagði kirkjufaðirinn Tertullian, eða eitthvað á þá leið, og fáfræði var einkenni miðaldanna, þegar kirkjuvaldið kaþólska stóð í blóma. Miðaldirnar tel eg frá því skömmu eftir 300, þegar Konstantín keisari tekur kristni, eða fer að aðhyllast þær kenningar, sem menn nefndu kristindóm; en svörtustu miðaldirnar tel eg hefjast 529, þegar Justinian keisari skipar að leggja niður háskólann í Apenuborg, sem Plató hafði stofnað, og staðið hafði nærfelt í 1000 ár.